

Fréttir af RTR

Í apríl næstkomandi losna tvö RTR störf hjá Klúbbnum Geysi. Annars vegar í Íslandsbanka og hins vegar í Félagsþjónustunni í Síðumúla. Ráðið verður í starfið í Íslandsbanka frá og með 1. apríl, en 19. apríl í Félagsþjónustunni. Þessi störf eru mjög skemmtileg og hvetjum við áhuga-sama um að sækja um þau. Starfið í Íslandsbanka felst í flokkun á pósti, léttum tölvuinnsætti og tiltekt á lóð. Starfið í Félagsþjónustunni felst í símsvörun, skjalavörslu og flokkun, auk þess að undirbúa einstaka fundi og sjá um kaffistofu. Störfin verða auglýst á töflunni í móttökunni frá og með mánaðarmótunum, þar sem félagar geta skráð sig. Skorað er á alla klúbbfélaga sem vilja þjálfa sig á vinnumarkaði að sækja um störfina og efla hæfni sína.

Enn stendur yfir athugun á stöðu RTR starfs Geysis í félagsmálaráðuneytinu. Vilji er til að halda áfram samstarfinu við ráðuneytið af beggja hálfu. Í byrjun mars mun liggja fyrir hverjar áherslubreytingar munu eiga sér stað varðandi starfið.

Kynningar fyrir nýja félagar er á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 10.00 til 12.00

Klúbburinn Geysir er opin allra virka daga frá kl. 08.30 - 16.00, nema föstudaga er lokað kl. 15.00.

Fram undan í mars

Fimmtudagur 2. mars

Opið hús til kl. 20.00
Allir að mæta

Fimmtudagur 9. mars

Ferð í Bláa Lónið
Lagt af stað kl. 16.15 frá klúbbnum

Miðvikudagur 15. mars

Þjóðleikhúsið
Eldhús eftir máli

Fimmtudagur 16. mars

Ræðunámskeið
Kl. 20.00

Laugardagur 18. mars

Heimsókn frá Enggárden í Danmörku

Fimmtudagur 23. mars

Gönguferð.
Lagt af stað frá klúbbnum kl. 16.15
Gengið í Elliðaárdalnum

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. 9.30 og 13.00 þar sem farið er yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni. Við hvetjum félagar til að mæta á þessa fundi.

Húsfundir!

Húsfundir eru nú á breyttum tímum.
Mánudaga kl. 09:00 og miðvikudaga kl. 14:30. Ef félagar vilja hafa áhrif og koma sjónarmiðum sínum á framfæri eru húsfundir rétti vettvangurinn til að taka þátt í mótun starfsins.
Allir að mæta!!!

3. tölublað, mars 2006

Litli Hver

Fjölmenningu á opnu húsi



Myndin hér að ofan er tekin á opnu húsi í Geysi 2. febrúar síðastliðinn, en þar kynntu Guðbjörg Daníelsdóttir og Arndís Ósk Jónsdóttir frá Geðhjálpi niðurstöður könnunar sem gerð var á

vegum Rauða Krossins og Geðhjálpar um málefni geðsjúkra. Fundurinn var líflegur og skilaði gagnlegri og nauðsynlegri umræðu inn í Geysi.

**KLÚBBURINN
GEYSIR**
BYGGT Á OG REKID SAMKVÆMT ALÞJÓDLEGGI
HUGMYNDAFRÆÐI FOUNTAIN HOUSE

Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is

Vorferð til London

Það hefur löngum verið áhugi fyrir því að vorferð Geysis yrði farin til útlanda. Nú hafa náðst samningar við Iceland Express um að selja félögum í Geysi 20 farmiða til London. Farið verður í ferðina miðvikudaginn 10. maí og komið aftur sunnudaginn 14. maí. Verð á manninn báðar leiðir er 22.490 kr. Verð á gistingu er 1550 kr. fyrir nóttina sé gíst í sex manna herbergjum, en verð á gistingu getur tekið breytingum í samræmi við gengi. Ef félagar hafa óskir um annað, er hægt að koma því í kring en verðið hækkar þá í samræmi við það, dýrust eru eins manns herbergi á 4.017 kr. Settur hefur verið upp listi í móttökunni, sem áhugasamir félagar geta skráð sig á.



Símklefar í London

Nýr og afkastameiri netþjónn

Klúbburinn Geysir fékk afhentan nýjan netþjón þann þrettánda febrúar. Netþjónninn er af gerðinni Dell PowerEdge SC430 og er með innbyggða segulbandsstöð. Tilkoma netþjónsins er hluti af uppbyggingu tölvukerfisins vegna námsmannaáðstöðunnar. Félagar í Viðhaldsdeildinni sáu um uppsetningu þjónsins og allar breytingar sem þurfti að gera á innra tölvuneti klúbbsins. Með tilkomu netþjónsins eykst öryggi kerfisins til muna, þar sem reglulega verður tekið afrit af öllum tölvutækum



Porkell og Guðni blása ferskum anda í tölvukerfið

gögnum klúbbsins. Þar sem félagar vinna þetta verk sjálfir verður til mikil þekking í klúbbum sem hægt verður að miðla til annarra félaga. Öll slík vinna eflir og styrkir klúbbinn til framtíðar.



Enggårdenkлубburinn í Thisted

Félagar frá Enggården í heimsókn

Fjórir félagar frá Enggården klúbbsins í Danmörku munu koma við hjá okkur 18. mars næstkomandi og dvelja eina nótt í klúbbum okkar. Við tökum á móti þeim út á BSÍ að morgni 18. mars, bjóðum þeim morgunhressingu í Geysi þar sem þeir munu síðan ganga til hvílu. Að lokinni hvíldinni höfðu þau lýst yfir áhuga á því að komast í sundlaugarnar og síðan út að borða, eða viðhafa einhverja skemmtan með félögum og starfsmönnum síðar um kvöldið. Þau munu svo halda af landi brott á á sunnudaginn. Þeir félagar sem hafa áhuga á að taka á móti Enggårdenfélögum og eiga með þeim huggulegan eftirmiðdag láti vita og skrá sig í móttökunni. **Nu skal vi hygge oss med danskerne**

gögnum klúbbsins. Þar sem félagar vinna þetta verk sjálfir verður til mikil þekking í klúbbum sem hægt verður að miðla til annarra félaga. Öll slík vinna eflir og styrkir klúbbinn til framtíðar.

Fréttir af húsfundum

Miðvikudagur 1. febrúar: Rætt um litla viðveru starfsmanna í húsinu vegna RTR. Rætt var um það að starfsmenn væru stundum of uppteknir við að aðstoða félagar í störfum RTR þannig að félagar sem ekki eru í RTR fengju ekki næga aðstoð. Félagar yrðu þá að leysa málin með hjálp annarra félaga.

Mánudagur 6. febrúar: Lögð fram hugmynd um að sækja um styrk í finnskan sjóð sem auglýstur hefur verið og felur það í sér að vinna ca. eina viku í finnsku klúbbsins. Ákveðið var að setja upp skráningarblað fyrir þá sem vilja hittast um helgar, einnig var rætt um undirbúning þorablóts.

Miðvikudagur 8. febrúar: Ákveðið var að fara í leikhús og einnig á kaffihús. Rætt var líka um þýðingu þess að ræða málin ef einhver óánægju kemur upp innan klúbbsins, leita lausna á vandamálinu. Sagt var frá því að verið væri að þrifa húsið hátt og lágt fyrir þorablótið. Rætt var um það að Tóta og Kiddi, ásamt tveimur félögum færu í þjálfun í Mosaic klúbbum í London. Tekist var á um það hvort deildarfundir ættu að vera kl. 12.45 eða 13.00. Menn voru beðnir um að virða tímann kl. 12.45 til fundar.

Mánudagur 13. febrúar: Félögum er ekki sagt að gera hlutina, heldur er þeim alltaf boðið að taka þátt í verkefnum.

Miðvikudagur 15. febrúar: Ýmsar hugmyndir hafa komið fram ef ákveðið verður að sækja um styrk úr Pokasjóði. T.d. að endurnýja tölvur í eldhúsdeild og viðhaldsdeild, einnig að kaupa nýja ljósritunarvél og/eða bíl. Fyrirhuguð vorferð var rædd og hugað að því að fá sem best tilboð, bæði hvað varðar

flug og hótél (farfuglaheimili). Einnig var minnst á leikhúsférf Eldhús eftir máli eftir Svövu Jakobsdóttur og skautafeið.

Mánudagur 20. febrúar: Lögð fram tillaga um ferð í Bláa Lónið. Talað um hvað ætti að elda á opnu húsi.

Miðvikudagur 22. febrúar: Kynnt form sem skal útfylla vegna heimsóknar til félaga á sjúkrahúsum. Nýir möguleikar vegna vorferðar kynntir og vel tekið í.

Ræðunámskeið

Fimmtudaginn 16. mars kl. 20.00 verður haldið ræðunámskeið í Klúbbum Geysi. Leiðbeinandi á námskeiðinu verður Ingimundur Kristinn Guðmundsson. Þeir sem hafa áhuga skrá sig í móttökunni.



Leikhúsférf

Miðvikudaginn 15. mars ætla Geysisfélagar að skunda í leikhús sér til nokkurrar menningarbótar. Farið verður á sýninguna Eldhús eftir máli sem byggir á nokkrum smásögum Svövu Jakobsdóttur í óeiginlegri leikgerð Völu Þórsdóttur. Leikstjóri er Ágústa Skúladóttir. Sýningin er í Þjóðleikhúsinu og hefst kl. 20.00. Miðaverð er 2.100 fyrir öryrkja en 2.700 fyrir aðra. Miðar skulu greiddir fyrir 2. mars. Skráningarblað liggur frammi í móttöku Geysis. Nú fer hver að verða síðastur að skrá sig, því aðeins 20 miðar eru í boði.